

Alþingi
Kirkjustræti 9
150 Reykjavík

Hornafirði, 19. apríl 2017
nr. erindis 201704031 BB

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar tók málið fyrir á fundi sínum nr. 809 þann 18. apríl og bókaði eftirfarandi.


Bæjarráð gerir alvarlega athugasemdir við frumvarpið.

Mikilvægt er að sveitarfélögin missi ekki forræði yfir verkefnum sem hafa verið farsællega á þeirra verksviði um árabíl. Frumvarpið gerir ráð fyrir tilfærslu verkefna frá heilbrigðisnefndum til Umhverfisstofnunar. Verði þessar breytingar að veruleika mun það hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir þjónustuþega á landsbyggðinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að kostnaður vegna leyfisveitinga verði innheimtur af þjónustuþegum og þar sem þjónustan verður hjá Umhverfisstofnun í Reykjavík mun það hafa í för með sér aukinn ferðakostnað við leyfisveitingar.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst



Björn Ingi Jónsson

Bæjarstjóri

Sveitarfélagsins Hornafjarðar